

Árbót – frístundabyggð Deiliskipulag - Greinargerð



Vígfús Sigurðsson

31/8/2013

Efnisyfirlit.

Deiliskipulag vegna frístundabyggðar í landi Árbótar, Aðaldal.	5
1 Inngangur	5
1.2 Skipting svæðis. (Orðskýringar).....	5
2 Forsendur skipulags	5
2.1 Forsendur aðalskipulags.	5
2.2 Staðhættir.....	6
2.3 Fornleifaskráning – fornleifavernd.....	6
3 Deiliskipulag.....	6
3.1 Almennt	6
4 BYGGINGARSKILMÁLAR Á SKIPULAGSSVÆÐINU	7
4.1 Almenn atriði	7
4.2 Byggingar	7
4.3 Hönnun og uppdrættir	7
4.4 Lóðir.....	7
4.5 Almenningsrými.	7
4.6. Samgöngur.....	8
4.7 Landmótun, efnistaka og efnislosun	8
4.8 Veitur.	8
4.9 Gámasvæði.	9
4.10 Náttúru- og minjavernd.....	9
4.11 Hverfisvernd.....	9
4.12 Lóðasamningar.....	10
4.13 Úrskurður og ágreiningur.....	10
5 SAMÞYKKTIR	11

Forsíðumynd: Horft suður Aðaldalinn frá húsi á lóðn nr. 7. Dalalæða hylur land.
Vigfús Sigurðsson.

Deiliskipulag vegna frístundabyggðar í landi Árbótar, Aðaldal.

1 Inngangur

Um 1992 var skipulögð frístundabyggð í landi Árbótar. Skipulagðar voru 9 lóðir í hvammi niðurundan bænum og ofan hans. Svæðið er nú að mestu byggt. Ávallt var gert ráð fyrir að deiliskipuleggja annan áfanga til norðurs frá núverandi svæði.

Nú hefur eftirspurn eftir frístundahúsalóðum vaxið og hefur landeigandi jarðarinnar ákveðið að láta deiliskipuleggja 2. áfanga. Deiliskipulagið tekur til skipulagsins frá 1992 og stækkunin til norðurs og verður eitt deiliskipulag fyrir frístundasvæðið og við sáþykkt þess verði gildandi deiliskipulag fellt úr gildi. Heiti deiliskipulagssvæðisins verður: **Árbót – frístundabyggð**.

1.2 Skipting svæðis. (Orðskýringar)

Deiliskipulagssvæðið: Svæðið í heild innan skipulagsmarka

Suðurhluti: Sá hluti deiliskipulagssvæðisins sem byggður hefur verið skv. deiliskipulagi frá 1992. Lóðir 1 – 9 auk nýrrar lóðar nr. 10.

Norðurhluti: Sá hluti deiliskipulagssvæðisins sem er stækkunin til norðurs. Lóðir 11 – 17.

2 Forsendur skipulags

2.1 Forsendur aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, sem hefur verið staðfest. Þar kemur fram um frístundabyggð:

F-05: Í landi Árbótar er sumarhúsasvæði vestan og norðvestan við bæinn, uþb.200 m austan við Laxá. Hér eru 8 sumarhús, flest byggð um 1990. Lóðir eru að jafnaði um 3.500 m². Deiliskipulag er á svæðinu (samþykkt 1992).

> Í aðalskipulagi er um 10,0 ha stórt svæði í landi Árbótar skilgreint sem “svæði fyrir frístundabyggð”. Fjarlægð frá vatnsbakka Laxár er 200 m. Hér munu koma uþb. 5 sumarhús til viðbótar, hvert um 50-70m² að stærð, á svipuðum lóðum og þau sem eru nú til á svæðinu.

Staðfest hefur verið breyting á gildandi aðalskipulagi þar sem land undir frístundabyggð er stækkað til norðurs og að ákvæði um hússtærðir eru rýmkaðar.

Heildarstæð frístundasvæðisins er nú 21 ha.

Texti skv. staðfestri stækkun er sem hér segir:

> Í aðalskipulagi er um 21,0 ha stórt svæði í landi Árbótar skilgreint sem “svæði fyrir frístundabyggð”. Fjarlægð frá vatnsbakka Laxár er 200 m, sbr. Lög um verndun Laxár og Mývatns nr. 97/2004. Hér eru skilgreindar 9 nýjar lóðir, 3100 – 5200m² að stærð. Heildarfjöldi lóða á skipulagssvæðinu er því 17. Á hverri lóð er leyfilegt að reisa eitt sumarhús að hámarki 120m². Heimilt er að skilgreina eina lóð fyrir hús sem er allt að 250m² að stærð.

2.2 Staðhættir

Meðfram Laxá afmarkast deiliskipulagssvæðið af 200 m. breiðu svæði, sem er friðað skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Laxár og Mývatns. 200m línan afmarkar deiliskipulagssvæðið að vestan. Deiliskipulagssvæðið afmarkast að sunnan við Syðri klauf, sveigir til norðurs austast í Klaufamel og að heimreið sem afmarkar það að norðan og austan. Til norðurs nær það útundir landamerki Knútsstaða. Deiliskipulagssvæðið er friðað fyrir beit og er afgirt.

Deiliskipulagssvæðið er að mestu lyngmóar og ofantil eru melar. Suðurhluti er í hvammi sunnan í Hvammsheiði með fagurt útsýn fram dalinn. Norðurhluti er staðsett í tiltölulega aflíðandi halla en brött brekka næst Laxá. Fagurt útsýni er frá svæðinu til norðvesturs til Kinnafjalla, Skjálfanda og Flateyjar. Útsýnið til norðvesturs og vestur yfir dalinn er eftirsóknarverðasti kosturinn við norðutlutann. Næst heimreið er gróðursett með Lerki töluvert trjábelti. Jafnframt í Syðri kaluf og niður undan Litlagerði. Ekki verður ráðist í frekari skjólbeltaræktun nema nyrst á norðurhluta, efst í Knútstaðadokk og til suður til móts við núverandi trjábelti. Lóðarhöfum er heimilt að gróðursetja í sínu landi trjá- og runnagróðri, en aldrei svo að slíkur gróður hindri útsýni frá næstu bústöðum. Ríkjandi vindáttir eru norðlægar og suðlægar áttir.

2.3 Fornleifaskráning – fornleifavernd

Gerð hefur verið fornminjaskrá af norðurhluta. Sjá “Deiliskráningu vegna stækkunar frístundabyggðar í landi Árbótar Aðaldal. Greinargerð FS505-12141 (Oddgeir Ísaksen)” og er fylgirit með greinargerð þessari. Engar fornminjar eru innan skilgreindra lóða. Fornleifaskráning hefur ekki verið framkvæmd á suðurhluta enda að mestu fullbyggt. Þar eru grónar tóftir Litlagerðis. Þeim er lýst í örnefnaskráningu á þann hátt: „Litlagerði er grónar tóftir og hér um bil 2ja dagsláttna land, sem einhverntíma hefur verið afgirt tún, milli Syðri- og Ytri klaufar neðanverðar.“ (1947. Skráð af Arnóri Sigmundssyni bónda í Árbót. – Örnefnastofnun) Tóftir, tún og garður njóta hverfisverndar sbr. Kafa 4.11 í greinargerð þessari.

3 Deiliskipulag

3.1 Almennt

Útfærsla deiliskipulagsins byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um staðhætti og stefnu aðalskipulagsins um uppbyggingu deiliskipulagssvæðisins. Tillaga deiliskipulagsins var send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnt almenningi eins og kveðið er á um. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lóðum fyrir 7 frístundahús á norðurhluta og einni á suðurhluta til viðbótar þeim sem fyrir eru.

4 BYGGINGARSKILMÁLAR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

4.1 Almenn atriði

Um byggingar á lóðum þessum gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga s.s. byggingar- og skipulagslög, byggingarreglugerðir, skipulagsreglugerðir, reglugerðir um brunavarnir og brunamál, íslenskir staðlar og blöð Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins, eftir því, sem við á.

Stærð lóðanna er á bilinu 3000– 6500 m². Að undanskildri lóð nr. 17, sem er stærri. (sjá uppdr.). Byggingarskilmálar eiga við allt deiliskipulagssvæðið, nema annars sé getið.

4.2 Byggingar

Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt hús þar sem hámarksstærð er allt að 120 m² og lágmarksstærð er 30 m².

Heimilt er að fá leyfi fyrir garðhúsum eða gestahúsum allt að 20 m² að stærð. Byggingarleyfi fyrir garð- eða gestahúsi skal veita samhliða aðalhúsi eða síðar. Séu garð- eða gestahús byggð á undan aðalhúsi skal við það miðað að aðalhús rísi ekki seinna en þremur árum eftir að leyfi fyrir því er veitt. Að örum kosti fellur byggingarleyfi niður.

Almennt skulu húsin vera á einni hæð, heimilt er þó að vera með nýtanlegt ris. Þar sem landhalli er nægur er heimilt að hafa kjallara undir framhluta hússins. Sjá skýringamynd. Hámarksheildarhæð húsa er 5,5 m. mælt frá gólfi á 1. hæð. Lofthæð í herbergum skal vera 2,50m og lágmarksvegghæð skal vera 2,20m þar sem loft er hallandi.

Þakform og staðsetning húsa innan byggingarreits er frjálst. Sé um tvö hús að ræða, þ.e.a.s. aðalhús og garð- eða gestahús má hámarksfjarlægð milli húsa ekki vera meiri en 10 m og skulu þau bæði vera innan byggingareits. Stærð garð- eða gestahúss reiknast með í heildarstærð.

Stefna frístundahúsa er sú sama á öllum lóðunum á norðurhluta þ.e. eins og stefnuörvar eru sýndar á uppdrætti. Við það er miðað að hlið eða gafl snúi til NV í átt með útsýni til Kinnarfjalla og út á Sjálfanda.

Á óbyggðum lóðum suðurhluta skal stefna fylgja núverandi byggingum. Núverandi hús á suðurhluta skulu standa þótt í einhverjum tilfellum að þau uppfylli ekki ofangreind ákvæði um byggingar.

Sérákvæði um lóð nr. 17. Lóðin er staðsett nyrst á skipulagssvæðinu og er með gott útsýni út á flóann og til vesturs yfir dalinn og hraunið. Ofangreindir skilmálar gilda um húsið en hámarksstærð hússins má vera allt að 250 m².

4.3 Hönnun og uppdrættir

Uppdrætti vegna bygginga á svæðinu skal leggja fyrir Byggingarnefnd Þingeyjarsveitar. Aðaluppdrættir (byggingarnefndarteikningar) skulu vera í samræmi við gildandi byggingarreglugerð og deiliskipulagsskilmála.

4.4 Lóðir

Á uppdrætti skal auk húsa sýna önnur fyrirhuguð mannvirki á lóðinni, svo sem bílastæði, gangstéttar, stoðveggi, girðingar og skjólveggi. Ekki er gert ráð fyrir að lóðir séu afmarkaðar með girðingum eða annarskonar mannvirkjum.

4.5 Almenningsrými.

Sameiginlegt leik- og útivistarsvæði er í túni innan verndaða svæðisins við Litlagerði. Þar er gert ráð fyrir leiktækum og boltavelli. Gönguleiðir eru meðfram Laxá og upp til Hvammsheiðar.

Skipulagssvæðið er mikið berjaland og er við það miðað að lóðarhafar hafi afnot af slíku innan sinnar lóðar en utan þeirra og á 200m svæðinu meðfram Laxá er berjatínsla sameiginleg öllum lóðarhöfum. Knústaðadokk er sameigilegt útvistar- og berjatínslusvæði.

4.6. Samgöngur.

Aðkoma að deiliskipulagssvæðinu er frá heimreið í Árbót. Aðkomur eru á fimm stöðum og sýndir á skipulagsupprætti. Landeigandi kostar og lætur gera vegi innan skipulagssvæðisins að lóðamörkum. Lóðarhafi kostar vegi innan lóðar og sér um að komið sé fyrir a.m.k. tveimur bílastæðum innan hennar.

Í kynningarferli skipulagsins kom fram umsögn Vegagerðarinnar um tengingar að heimreið (héraðsvegi) sem hér segir:

Tilvísun í mál: 2013050020

Vegagerðin hefur farið yfir tillögu að deiliskipulagi fyrir Árbót – fristundabygg.

Vegagerðin gerir ekki athugasemd við fram lagða tillögu. Vegagerðin setur þó þau skilyrði að þess sé gætt að sjónlengdir séu nægjanlegar miðað við 80 km hraða og að fyrstu 20 metrar tenginga (næst héraðsvegi) séu með minna eða sama sem 3% langhalla og að tengingar séu sem næst beint inn á veg.

4.7 Landmótun, efnistaka og efnislosun

Ekki er gert ráð fyrir formun lands innan lóðar. Ávallt er við það miðað að land sé sem mest óhreyft og náttúrulegt. Efni sem nauðsynlegt er að flytja á brott svo sem vegna uppgraftrar úr hússtæði skal koma fyrir á viðurkenndum losunarstað, eða á stað sem landeigandi vísar á innan landareignar. Þá er óheimilt að gera jarðrask utan lóðarmarka án leyfis. Efni til fyllingar skal útvega utan skipulagssvæðisins.

Vakin er athygli á 13. gr. Þjóðminjalaga (nr. 107/2001) þar sem segir: „Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

4.8 Veitur.

Hlíta skal skilmálum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um frárennsli, svo og skilmálum veitustofnana um heimtaugar. Hönnuðir skulu hafa samráð við þessar stofnanir um staðsetningu inntaka.

Fráveita skal leidd í hreinsivirki. Ítarlegri hreinsun en veggja þrepa hreinsivirki skal komið fyrir á hverri lóð, á stað þar sem slíkt þykir henta, sbr. 24. gr. reglugerðar um verndun Laxár og Mývatns nr. 665/2012 og einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Óheimilt er að staðsetja hreinsivirki utan lóðamarka. Við endurnýjun hreinsivirkja við þegar byggð hús skulu þau uppfylla ofangreind ákvæði. Sveitarfélagið sér um losun og hreinsun hreinsivirkja.

Vatnsveita verður lögð um svæðið og sér lóðarhafi um að leggja frá stofni að sínu húsi. Á norðurhluta skal við það miðað við hönnun lagnakerfis í húsi að gera ráð fyrir dælu til að halda uppi þrýstingi innan húskerfis.

Rafmagni er dreift með jarðstreng er lagður er um svæðið. Er Rarik umsjónar- og rekstraraðili þess. Ekki er hitaveita á svæðinu og verður ekki í fyrirsjáanlegri framtíð.

4.9 Gámasvæði.

Sveitafélagið sér um sorphirðu. Lóðarhafar skulu koma sorpi í sorpgám sem er við aðkomu frá Þjóðvegi 85. Lúta skal fyrir mælum sveitarfélagsins um flokkun úrgangs eins og hún er hverju sinni.

4.10 Náttúru- og minjavernd.

Meðrfam Laxá er 200m breitt svæði sem er friðað skv. Lögum nr.97/2004 um verndun Laxár og Mývatns. Deiliskipulagssvæðið liggur meðfram þessari línu og afmarkar það að vestanverðu. Deiliskipulagssvæðið er í „dæmigerðri íslenskrí lyngbrekku“. Melur efst, síðan aðalablaðberjalýng, fjalldrapi og graslendi neðst. Ekki eru jarðmyndanir eða annað í vistkerfinu er njóta sérstakrar verndar og falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Fornminjar skv. fornminjaskrá eru sýndar á skipulagskort og njóta verndar skv. Þjóðminjalögum nr. 107/2001.

Í kynningarferli skipulagsins kom fram umsögn Minjastofnunar Íslands, svo hljóðandi:

Málsnúmer: FVR 2013020017 SB

Umsögn vegna deiliskipulags orlofshúsa í Árbót Aðaldal.

Beðið hefur verið um umsögn Minjastofnunar ríkisins vegna ofanritaðrar deiliskipulagstillögu. Skipulagssvæðið skiptist í tvo hluta. Á nyrðra svæðinu hefur fornleifaskráning farið fram í tengslum við skipulagsvinnuna en það syðra er að mestu staðfesting á eldra skipulagi enda búið að reisa þar nokkur sumarhús, en gert er ráð fyrir að bæta einni lóð við þær sem fyrir eru.

Undirritaður skoðaði svæðið 14. júní síðastliðinn. Skráðar fornleifar á norðursvæðinu eru ekki í hættu vegna skipulagsins. Engar fornleifar er að sjá við eða á nýrri lóð á suðurhlutanum.

Þess skal þó getið að fornlegur garður kemur vestur undan afleggjara aðkeyrslu að lóðum 4 og 5, þar sem hann skiptist. Garðurinn nær langleiðina niður að Laxá. Hluti garðsins hefur verið eyðilagður þegar afleggjarinn var lagður og séstekkert til hans austar. Hluti bæjarhóls Litla Gerðis nær inn á suðurhluta skipulagsins. Þar er nú leiksvæði barna og er svæðið merkt sem slíkt á skipulagsupprættinum. Þar má vænta fornleifa og er því ekki frekara jarðrask heimilt þar, nema með leyfi Minjastofnunar.

Akureyri 18. Júní 2013.

Sigurður Bergsteinsson.

4.11 Hverfisvernd.

Tóftir Litlagerðis ásamt hlöðnum garði njóta hverfisverndar í skipulagi þessu sbr. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.3.2.17 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Tóftir og garður umhverfis tún eru mjög heillegar og verður ekki spillt. Tóftir eru vel sýnilegar. Tún innan garðs er nýtt sem útivistar og leiksvæði, sem áður er lýst.

4.12 Lóðasamningar

Lóðirnar verða leigulóðir. Gera skal lóðarleigusamning milli lóðarhafa og landeiganda. Um leigusamninga fer eftir ákvæðum laga nr.75/2008 um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Leigutími er lágmark 25 ár og framlengist sbr. ákvæði ofangreindra laga.

4.13 Úrskurður og ágreiningur

Komi upp ágreiningur um ofangreinda skilmála skal vísa honum til sveitastjórnar til úrskurðar.

5 SAMÞYKKTIR

Skipulagstillagan var kynnt almenningi á opnum fundi þann _____ 2013.

Skipulagstillagan var auglýst almenningi til sýnis þann _____ 2013.

Athugasemdafrestur var til _____ 2013.

Skipulagstillagan var auglýst almenningi til sýnis skv. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 með síðari br.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti deiliskipulagstillöguna endanlega.

Þingeyjarsveit _____

Undirskrift sveitarstjóra

Deiliskipulagið er unnið Vigfúsi Sigurðssyni byggingartæknifr.

Fylgirit með greinargerð:

Deiliskráning vegna stækkunar frístundabyggðar í landi Árbótar Aðaldal. Greinargerð FS505-12141 (Oddgeir Isaksen)

Deiliskráning vegna stækkunar á frístundabyggð í landi Árbótar í Aðaldal. Greinargerð FS505-12141. (Oddgeir Isaksen)

Inngangur.

Þann 15 september 2012 unnu fornleifarfræðingar, frá Fornleifastofnun Íslands fornleifakönnun (deiliskráningu), vegna fyrirhugaðrar stækkunar frístundabyggðar, í landi Árbótar í Aðaldal. Verkbeiðandi var verkfræðistofan Mannvit, fyrir hönd landeiganda Árbótar.

Úttektarsvæðið sem um ræðir er norður af veiðihúsinu Vörðuholti sem er vestan við veg nr. 8515 sem liggur að Árbótarbænum. Að austanverðu afmarkast svæðið af veginum en af 200 m breiðu verndarbelti meðfram Laxá í Aðaldal. Að sunnaverðu afmarkast það af norðurmörkum eldri frístundabyggðar, þar sem veiðihúsið stendur nyrst, en norðurmörkin eru um 700 m norður af veiðihúsinu.

Fyrri athuganir.

Fornleifaskráning á vettvangi (aðalskráning) hefur ekki farið fram áður í landi Árbótar, en gerð var heimildakönnun vegna fornleifa (svæðisskráning) í landi Árbótar árið 2000 voru alls skráðar 29 fornleifar. Ekki er vitað um aðrar fornleifarannsóknir í landi Árbótar.

Framkvæmd og niðurstöður.

Gengið var kerfisbundið um úttektarsvæðið og fornleifa leitað, en fjórir fornleifafræðingar voru að verki. Alls fundust þrjár tóftir (SP-235:030, SP:235:031 og SP-235:032) og voru þær teiknaðar upp, ljósmyndaðar og staðsettar með GPS-tæki.

Ef fyrirsjáanlegt er að þessar tóftir verði fyrir raski vegna framkvæmda við hina fyrirhuguðu frístundabyggð er það Fornleifaverndar ríkisins að ákveða með hvaða hætti það verður gert.

Tóft SP-235:030


Hnit ISN93: A 571.786,91 N 603.371,63

Tóft SP-235:030 er staðsett um 570 m norðvestur af Vörðuholti sem er staðsett neðan við (vestan við) veg, um 680 m vestnorðvestur af bæjarstæði Árbótar, stórbýfðum og lyngi vöxnum hvammi sem liggur austur-vestur og hallar til vesturs í átt að Laxá í Aðaldal.

Tóftin er um 8 x 6 m að stærð og snýr austur vestur. Er hún þrískipt og nokkuð fornleg að sjá þar sem hún er lyngi vaxin og afmynduð af þýfi. Er hleðsluhæð á bilinu 0,5-0,7 m. Engar dyr eru sýnilegar á tóftinni en op er á milli tveggja hólfa hennar (sjá mynd 2)



Mynd 1: Tóft SP-395:030. Horft til vesturs.



Mynd 2: Einfölduð teikning af tóft SP-395:030

Tóft SP-235:031


Hnit ISN93: A 571.711,37 N 603.386,43

Tóft SP-235: 031 er staðsett um 75 m vestnorðvestur af tóft SP-235:030 í sama hvamminum (sjá að ofan). Er í raun um að ræða tvær sambyggðar tóftir A og B (sjá mynd 4). Tóft A er um 7 x 7 m að stærð og skiptist hún í tvö samsíða hólf sem bæði



Mynd 3: Tóft SP-395:031. Horft til norðurs

liggja austur-vestur. Dyr eru greinilegar á austurenda syðra hólsins en engar greinilegar á nyrðra hólfinu. Þá er ekki að sjá dyr eða gang sem tengir hófin. Tóft A er nokkuð fornleg að sjá þar sem hún er lyngi vaxin og afmynduð af þýfi. Er hleðsluhæð á um 0,5 m. Tóft B er fast sunnan við tóft A og situr aðeins lægra í landslaginu. Er hún einföld og um 5 x 3 m að stærð. Engar eiginlegar hleðslur eru sýnilegar í tóftinni, en hún er niðurgrafin um 0,5 m og opin í vesturenda.




Mynd 4: Einfölduð teikning af tóft SP-395:031


Tóft SP-235:032

Hnit ISN93: A 571.807,43 N 602.974,2

Tóft SP-235:032 er staðsett um 190 m norðvestur af veiðihúsinu Vörðuholti í lyngi vaxinni og stórpýfðri brekku. Er hún um 5 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Er hún nokkuð afmynduð af þýfi og nær hleðsluhæð um 0,6 m. Tóftin skiptist í tvö hólf og er op á milli þeirra. Dyr eru á austurvegg syðra hólsins (sjá mynd 6)



Mynd 5: Tóft SP-395:032. Horft til vesturs.



Mynd 6: Einfölduð teikning af tóft SP-395:032.



Mynd 7: Loftmynd sem sýnir staðsetningu tófta Sp-395:030-032